

Ágrip

Vinnusóknarmynstur á höfuðborgarsvæðinu og Austurlandi.

Rannsóknarráðstefna Vegagerðarinnar 30.október 2015.

Vegagerðin styrkti gerð tveggja verkefna sem höfðu það markmið annars vegar að skoða vinnusóknarmynstur og ferðamyndun á höfuðborgarsvæðinu og hins vegar að skoða vinnusóknarmynstur og vinnusóknarsvæði á Austurlandi. Ýmsir þættir verkefnanna eru sambærilegir og verður hér fjallað nánar um þá og niðurstöður bornar saman. Tilgangur þessa sameiginlegu þátta verkefnanna var að rannsaka búsetu starfsfólks miðað við vinnustað, til að fá hugmynd um svokölluð vinnusóknarmynstur (e. Commuting patterns).

Vinnusóknarmynstur eru erlendis fundin þannig að búseta fólks og starfsstöð er samkeyrð í gagnabönkum hagstofu viðkomandi lands. Hagstofa Íslands og Ríkisskattstjóri hafa ekki safnað þessum upplýsingum saman hérlendis og þess vegna er enn þann dag í dag ómögulegt að vita hvernig störf dreifast um landið. Það er t.d. ómögulegt að segja til um það hversu margir sem starfa í Reykjavík búa í Kópavogi osfrv.

Verkefnin voru unnin þannig að búinn var til spurningalisti á netinu sem fólk var beðið um að svara. Spurningalistinn innihélt annars vegar einfaldar spurningar um hvar fólk byggir og hvar það starfaði og hins vegar ýmsar bakgrunns spurningar um ferðamáta og það hversu langt fólk væri almennt tilbúið að ferðast til vinnu. Á Austurlandi var stefnan sett á að reyna að ná það mikilli svörun að niðurstöðurnar gætu talist tölfraðilega marktækar fyrir allt svæðið. Gengið var í fyrirtæki með listann en AFL starfsgreinafélag var einnig innan handar við að senda tölvupósta á félagsmenn sína. Þeir bæjarkjarnar sem voru teknir með í rannsókninni voru Egilsstaðir, Seyðisfjörður, Reyðarfjörður, Eskifjörður, Neskaupsstaður og Fáskrúðsfjörður. Heildarfjöldi íbúa á Austurlandi á vinnualdrinum 20-67 ára var 4.655 1.jan 2015 og fengus svör frá 530 manns, auk þess fengust upplýsingar frá Alcoa um búsetu um 450 starfsmanna þeirra. Alls var þetta um 21% svörun. Með því að ná þetta stóru úrtaki var bæði hægt að sjá vinnusóknarmynstur fólks en einnig mögulegt að skilgreina vinnusóknarsvæði, þ.e sjá stærð þeirra svæða sem gætu talist sameiginlegt atvinnusvæði.


Á höfuðborgarsvæðinu var hins vegar eingöngu um stikkprufu að ræða, þar sem fólksfjöldi svæðisins er það mikill. Spurningalistinn var sendur beint á ýmis fyrirtæki og var svörun mjög misjöfn eftir fyrirtækjum. Heildarfjöldi svara á höfuðborgarsvæðinu var engu að síður 1.900 manns. Út frá svörum var hægt að sjá vinnusóknarmynstur og skilgreina vinnusóknarsvæði fyrir einstök fyrirtæki, hins vegar þarf stærra úrtak til að hægt verði að greina vinnusóknarsvæði fyrir t.d bæjarfélög í heild sinni.

Helstu niðurstöður verkefnisins fyrir höfuðborgarsvæðið eru þær að lang stærstur hluti fólks býr í innan við 10 km fjarlægð frá vinnu eða á bilinu 70-80%. Í töflu 1 má sjá uppsafnað hlutfall íbúa sem býr innan ákveðinnar vegalengdar frá nokkrum svæðum og þó svo að úrtakið sé ekki stórt virðist vera nokkuð mikill samhljómur í vegalengdum fyrir flest svæðin

	< 2 km	< 5 km	< 8 km	< 10 km	< 12 km	< 15 km	< 18 km
101	0,08	0,24	0,42	0,67	0,80	0,92	0,98
Borgarspítali	0,00	0,37	0,67	0,88	0,92	0,96	0,96
Dalshraun Hfj	0,04	0,31	0,55	0,71	0,85	0,93	0,96
Landspítali	0,06	0,29	0,53	0,72	0,88	0,97	
Borgartún	0,08	0,26	0,59	0,70	0,87	0,96	
Gbær C	0,22	0,47	0,89	0,97			
Rimar	0,04	0,23	0,48	0,66	0,79	0,98	
Mos C	0,73	0,75	0,89	0,89	0,93	0,98	

Tafla 1 Uppsafnað hlutfall íbúa sem búa innan ákveðinnar vegalengdar frá vinnustað á Höfuðborgarsvæðinu. T.d búa 37% þeirra sem vinna á Borgarspítalanum í undir 5 km fjarlægð frá vinnunni og 88% búa innan 10 km fjarlægðar.

Á mynd 1 fyrir neðan má sjá yfirlit yfir vinnusóknarsvæði Landspítalans við Hringbraut þar sem búið er að merkja með ljósbláum lit það svæði þar sem 88% af starfsfólki Landspítalans býr. Ef svæðið er stækkað út í 15 km inniheldur það 97% af starfsfólki spítalans.



Mynd 1 Vinnusóknarmynstur fyrir Landspítalann við Hringbraut. Dökkbláar línur sýna raunsvörin, ljósblátt lína sýnir vinnusóknarsvæðið þar sem 88% starfsfólks Landspítalans býr.


Helstu niðurstöður fyrir Austurland eru þær að mikill meirihluti vinnandi fólks býr mjög nálægt vinnustað sínum, eða um 80-90% sem búa í innan við 5 km fjarlægð frá vinnustað. Reyðarfjörður sker sig þó verulega

Út miðað við önnur bæjarfélög, þar sem einungis 34% af þeim sem vinna á Reyðarfirði búa á Reyðarfirði. Ástæðan fyrir þessu er stærð Alcoa og sú staðreynd að fyrirtækið laðar að sér starfsfólk víða að.

	< 2 km	< 5 km	< 15 km	< 25 km	< 40 km
Egilsstaðir	88%	96%			
Fellabær	73%	99%			
Seyðisfjörður		99%			
Reyðarfjörður		34%	47%		83%
Eskifjörður	85%	85%	93%		
Neskaupstaður	84%	84%			97%
Fáskrúðsfjörður		99%			

Tafla 2 Uppsafnað hlutfall íbúa sem búa innan ákveðinnar vegalengdar frá vinnustað á Austurlandi T.d búa 85% þeirra sem vinna á Eskifirði í undir 2 km fjarlægð frá vinnunni og 93 % búa innan 15 km fjarlægðar.

Á mynd 2 fyrir neðan má sjá yfirlit yfir vinnusóknarsvæði Eskifjarðar þar sem búið er að merkja með ljósbláum lit það svæði þar sem 93% af fólki býr sem starfar á Eskifirði.



Mynd 2 Vinnusóknarmynstur og vinnusóknarsvæði fyrir Eskifjörð. Ljósblá lína sýnir rsvæðið þar sem 93% af fólki býr sem starfar á Eskifirði.